


# Helgin framundan



■ Rut Rebekka

## Að Kjarvalsstöðum

■ Blásarakvintett Reykjavíkur leikur á sýningu Rutar Rebekku á Kjarvalsstöðum kl. 15 á sunnudag.

Kvintettinn skipa: Bernharður Wilkinson, flauta, Daði Kolbeinsson, óbó, Einar Jóhannesson, klarinett, Jóseph Ognibene, horn, Hafsteinn Guðmundsson, fagott. Leikin verða verk eftir: Händel, Schubert, Reicha og fl.

Sýning Rutar Rebekku hófst um síðustu helgi, er opin alla daga frá kl. 14-22 dagl. og lýkur 10. mars.

Á sýningunni eru 44 verk, málverk og grafík. Rut Rebekka stundaði nám í Myndlistaskóla Reykjavíkur 1975-1978, Myndlista- og Handíðaskóla Ísl. útskrifuð 1982. Hún dvaldist í norrænni gistingu- stofu í Danmörku á vegum nordisk Kunstcenter 1984.

Samsýningar: Haustiýning FÍM, Kjarvalsstöðum 1983. Við opnun Gerðubergs '83, Riggs Gallery Kaliforníu USA 1984.

Einkasýningar: Bókasafn Mosfellsveitar 1984, Víborg Danmörku 1984.



■ Vilborg Gunnarsdóttir (t.v.) og Sólrún Yngvadóttir í hlutverkum sínum í Valsi.

## Vals eftir Jón Hjartarson frumsýndur í Kópavogi

■ Í kvöld, föstudaginn 1. mars mun Leikfélag Kópavogs frumsýna einþáttunginn Vals eftir Jón Hjartarson í leikstjórn höfundar.

Leikþátturinn verður frum-

sýndur á nýinnréttuðu æfingarsviði í Félagsheimili Kópavogs, sem leikfélagið hefur til umráða og nefnir „Hjáleiguna“. En nú stendur yfir endurnýjun gamla leiksalarins í félagsheimilinu.

Höfundurinn, Jón Hjartarson, hlaut verðlaun fyrir Vals í samkeppni sem Menningar- og fræðsluband alþýðu stóð að fyrir nokkrum árum.

Aðalhlutverk í leiknum leik-

ur Sólrún Yngvadóttir, en önnur hlutverk eru sjö. Lýsingu annast Lárus Björnsson, en tónlist Stefán P.



■ Blásarakvintett Reykjavíkur

## Sjálfsbjörg í Reykjavík og nágrenni – opið hús í félagsheimilinu í Hátúni

■ Basarnefnd félagsins hefur opið hús í félagsheimilinu Hátúni 12 í kvöld, föstudag, frá kl. 20.00. Þar verða ýmsar uppákomur og þess vænst, að fólk mæti í „furðufötum“.

## Laugardagskaffi kvennahússins

■ Laugardaginn 2. mars segir Inga Dóra Björnsdóttir frá rannsókn sinni á högum íslenskra kvenna, sem giftust bandarískum hermönnum á stríðsárunum. Erindi Ingu Dóru nefnist Hvað varð um þær?

## Samtök um kjarnorkuvopnalaust Ísland – friðlýst land halda fund á Borginni

■ Sunnud. 3. mars kl. 14.00 verður haldinn á Hótel Borg stofnfundur Samtaka um kjarnorkuvopnalaust Ísland.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi: Framsöguerindi halda: Sólveig Georgsdóttir, Erlendur Paturson, Anker Jörgensen, grænlenstur fulltrúi og sr. Gunnar Kristjánsson. Þá verður einleikur á píano: Þorsteinn Gauti Sigurðsson og Elísabet F. Eiríksdóttir syngur einsöng.

Fundarstjórar verða Þórhildur Þorleifsdóttir og Ásgeir Haraldsson lækni.

## Húvetningafélagið heldur félagsvist

■ Húvetningafélagið í Reykjavík efnir til félagsvistar næstu þrjú sunnudaga, 3., 10., og 17. mars. Spilað verður að Skeifunni 17, Ford-húsinu, og hefst spilamennskan kl. 16.00 (4 e.h.). Góð verðlaun eru í boði og heildarverðlaun fyrir öll þrjú skiptin. Stjórnandi verður Ingi Tryggvason.

Skemmtinefnd.


## Íslenska pílukastfélagið heldur félagsmót

■ Félagsmót Íslenska pílukastfélagsins verður haldið á Pöbbinum, Hverfisgötu 46, sunnudaginn 3. mars kl. 12.30.

Kept verður í „fimm núll einum“ í undariðlum og einnig í úrslitum, sem fara fram kl. 20.00 sama dag.

Félagsmenn, sem aðrir, eru hvattir til að mæta. Skráning fer fram á Pöbbinum og í síma 19011 og 621756.

Íslenska pílukastfélagið er nýstofnað félag, og voru stofnfélagar á milli 50 og 60 talsins, en félagatala nálgast nú hundraðið.



■ Teiknað eftir módeli

(ljós. Kristinn Helgason)

## Myndlistaskólinn í Reykjavík – opinn gestum á laugardögum

■ Laugardaginn 2. mars verður Myndlistaskólinn í Reykjavík opinn gestum frá kl. 14.00-18.00. Þá verður kynning á mólteikningum eftir nemendur úr teiknadeildum.

Á vorönn 1985 verður haldið áfram kynningu á starfi Myndlistaskólans. Þá verða kynning-

arsýningar úr deildum skólans á göngum, en hver sýning verður í tvær til þrjár vikur. Til að trufla sem minnst starf skólans eru sýningar ætlaðar gestum á laugardögum frá kl. 14.00-18.00 og sem fyrr segir verður byrjað á að kynna mólteikningar.

Í mars verða svo kynningar á málaraeildum og fram-

haldsdeildum. Í apríl verður kynning á barnaeildum, og í maí tekur við sýning frá höggmynda- og leirvinnsludeildum.

Myndlistaskólinn í Reykjavík er rekinn í námskeiðsformi, nemendur innritast á vorönn og haustönn. Nemendur eru nú um 340 talsins og skiptast í 22 deildir.

## Fréttatilkynning frá Soffiu

Soffía, félag heimspekinema við Háskóla Íslands stendur fyrir Málþingi um gervigreind (artificial intelligence) í Norræna húsinu sunnudaginn 3. mars kl. 14.00.

Þar munu sérfræðingar á ýmsum sviðum ræða möguleika og takmarkanir hinnar nýju tölvutækni á sviði gervigreindar (tölvuvits) og það ljós sem hún varpar á viðfangsefni annarra fræðigreina s.s. sálfræði og heimspeki.

Ræðumenn verða Oddur

Benediktsson tölvufræðingur, Jón Torfi Jónasson sálfræðingur, Þorsteinn Gylfason heimspækingur og Friðrik Skúlason tölvufræðingur.

Að loknum framsöguerindum verða fyrirsurnir og umræður. Aðgangur er ókeypis og öllum opin.

Soffía

